

Fyrirspurn

til efnahags- og viðskiptaráðherra um raunvexti á innlánnum í bankakerfinu.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver hefur verið fjárhæð innlána í bankakerfinu árin 2006–2011? Svar óskast sundurliðað á eftirfarandi hátt:
 - a. ársfjórðungum frá fyrsta ársfjórðungi 2006 til þriðja ársfjórðungs 2011,
 - b. hvort innlán eru verðtryggð eða óverðtryggð og samanlagt,
 - c. hvort eigandinn er innlendur eða útlendur,
 - d. hvort eigandinn er einstaklingur, einkafyrirtæki, sveitarfélag, ríkið eða annað.
2. Hverjir eru meðalársvextir á þessi innlán skv. 1. tölul. í prósentum?
3. Hver er raunávöxtun þessara innlána miðað við neysluverðsvísitölu fyrir og eftir fjármagnstekjuskatt á ársgrundvelli?
4. Hver er raunávöxtun þessara innlána miðað við gengi evru fyrir og eftir fjármagnstekjuskatt á ársgrundvelli?

Skriflegt svar óskast.